



Lyfjagreiðslunefnd
Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík
Sími 553 9000 – www.lgn.is

Viðmiðunarverðflokkar

Lyfjagreiðslunefnd raðar samheitalyfjum og lyfjum með sambærileg meðferðaráhrif í viðmiðunarverðflokka til ákvörðunar greiðslupátttöku sjúkratrygginga og birtir í viðmiðunarverðskrá.

Við mat sitt á því hvort lyf teljast útskiptanleg tekur lyfjagreiðslunefnd m.a. mið af ákvörðunum um jafngildi lyfja sem teknar hafa verið í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, eftir því sem upplýsingar þar að lútandi eru aðgengilegar á heimasíðum viðkomandi stofnana.

Lyfjagreiðslunefnd flokkar lyf saman í viðmiðunarverðflokk eftir fjölda taflna / hylkja í pakkningu:

1 - 30

31 – 249

250 – og fleiri

Undantekningar frá þessu eru m.a. lyf með mismunandi ábendingar þar sem skammtastærð og meðferðarlengd er mjög einstaklingsbundin s.s. sýklalyf, veirulyf og sveppalyf. Eftir sem áður eru lyf í sambærilegum pakkningum raðað saman, þ.e. 28 og 30 stk. saman, 98 og 100 stk. saman o.s.frv. Pakkningar ætlaðar til lyfjaskömmtnar raðast saman í viðmiðunarverðflokk eingöngu með öðrum sambærilegum pakkningum sem ætlaðar eru til lyfjaskömmtnar.

Í vafaatriðum er leitað álits Lyfjastofnunar.

Víki lyfjagreiðslunefnd frá almennu reglunni sbr. hér að ofan verður slíkt tilkynnt á heimasíðu lyfjagreiðslunefndar, ásamt rökstuðningi og upplýsingum um gildistöku ákvörðunar.

Uppfært 8. maí 2017